

LEIKLIST


Yossarian vill lifa

Leikfélag Hafnarfjarðar.
22. grein eftir Josphe Heller.
Þýðandi og leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson.
Tónlist: Jóhann Morávek.
Leikmynd: Ragnhildur Jónsdóttir.
Leikendur: Lárus Vilhjálmsson, Daniel Helgason, Jón Sigurðsson, Atli Grétar Geirsson, Hallur Helgason, Jakob Bjarnar Grétarsson, Gunnar Jónsson, Kristinn Þorsteins-son, Jón Björgvinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Kristin Guðrún Gestsdóttir, Björk Jakobs- dóttir, Svanhvit Magnúsdóttir, Kristin Birna Bjarnadóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Katrin Þorlákúsdóttir, Guðný Dóra Gestsdóttir.

Catch 22 eða 22. grein er upprunalega fræg skáldsaga sem kom út árið 1961. Hún er byggð á atburðum seinni heimsstyrjald- arinnar og ýsir á margflókinn hátt fátán- leika stríðsins og styrjaldaráttaka yfir höfuð. Naut þessi saga mikilla vinsælda á sjöunda áratugnum. Seinna vann höfundur leikrit uppúr sögunni sem frumsýnt var 1971. Einnig hefur verið gerð fræg bíómynd eftir sögunni. Persónur leiksins eru hermenn flugsveit- ar amerískrar sem er með bækistöð á Ítalíu. Einnig koma við sögu hjúkrunarfólk, lands- menn og fleiri. Alls eru um 40 hlutverk í leiknum. Aðalpersónan Yossarian hefur fengið sig fullsaddan af stríðinu og fátánleika þess og reynir að losna úr herþjónustunni. En það gengur ekki greitt þótt hann reyni allt sem

honum dettur í hug. Allsstaðar verður fyrir hin margslungna 22. grein herþjónustulag- anna sem eiginlega nær yfir allt. Í verkinu eru teknar fyrir margar hliðar stríðsrekstrar, valdhroki, brask, ópersónu- legt kerfið o.fl. o.fl. Þegar yfir atburðina er litið er í rauninni verið að fjalla um valdbeit- ingu, blinda valdstjórn sem verður að ómanneskjulegri maskinu áður en varir og þau markmið sem ef til vill voru til staðar í upphafi eru löngu gleymd og grafin. Aðferð- in sem höfundur notar til þess að koma

þessari sýn sinni á hernaðinn til skila er á mörkum þess að vera absurd, á mörkum hins fátánlega og hreins farsa. En í raun eru aðstæðurnar fullkomlega raunverulegar, svo þegar þetta allt blandast saman verður úr mögnuð kaldhæðni, svört kómedia af svæsnustu tegund. Það liggur því á borðinu að það er tölu- vert vandaverk að koma leikverki eins og þessu á svið og nálgast biræfni af lítt þjálf- uðum áhugaleikflokki. En hvi skyldu þeir ekki spreyta sig á erfiðum verkum?



eftir Gunnlaug Ástgeirsson

Leikstjóranum tekst nokkuð vel að halda utanum sýninguna og halda góðum hraða og lipru samspili. Það hefði að skaðlausu mátt stytta verkið nokkuð og hefðu leikend- ur þá trúlega haft verkið betur á valdi sínu. Svo sem fram kemur hér að framan eru nærri 40 hlutverk í sýningunni og fara 17 leikendur með þau. Gefur að skilja að mörg þeirra eru ógnarsmá. Leikendur eru harla misjafnir en mörgum þeirra tókst einkar vel upp. Sérstaklega vakti athygli mína að vandað var vel til margra smáhlut- verkanna. Ekki þarfyrir að stærri hlutverk- unum hafi ekki einnig verið gerð þokkaleg skil, en í þeim kom betur fram hæfileika- og þó einkum þjálfunarmunur leikaranna.

Sá leikari sem mest mæðir á er Lárus Vil- hjálmsson sem ferð með hlutverk Yossari- ans. Hann er á sviðinu nær allan tímann og skilar sínu hlutverki mjög vel, nær að sýna að þrátt fyrir afkáraskapinn og fátánleikann í aðstæðunum er Yossarian ósköp venju- legur maður sem á þá ósk heitasta að lifa, vera lifandi manneskja. Það virðist vera mikill þróttur í Leikfélagi Hafnarfjarðar sem endurvakið var í fyrra og er kjarni hópsins ungt fólk sem kynnst hefir leiklist í skóla og þá flestir í Flensborg. Útlit er fyrir að rekstur þess komist á fastari grundvöll næsta haust en þá mun vera í ráði að félagið fái Bæjarbíó til afnota. Sýningin á 22. grein er í Hafnarfjarðarbíói. G.Ást.



Hafnirfjörðingar sýna 22. grein – lipurt samspil en hefði mátt stytta verkið.

MYNDLIST

Framsækinn norrænn fúkki


Ýmislegt er til bæði í kotum og höllum, ekki mjög margt, en eitt er þó algengast: fúkkinn. Kotafúkkinn hafði þá sérstöðu, ef hægt er að hafa það orð um fúkka, að engin tvö kot lyktuðu eins eða kotafólkið. Aftur á móti er hallarfúkkinn alþjóðlegur, og yfir hann reynt að breiða með glæsilegum tepp- um, veggteppum. Það er líka gert að Kjarvalsstöðum á sam- norrænni sýningu sem ber yfirskriftina Borealis eða Útúrborur, í réttri þýðingu. Sýningin kemur hingað frá Sveaborg í Finn- landi, en hún er sögð vera miðstöð norrænnar myndsköpunar. Hið mikla gildi stöðvarinnar liggur í augum uppi í skyggnu- kassa. Kynninguna setti saman helsti for- kólfur norrænnar myndlistar, Krúskopf, en hann stjórnar eða stjórnaði samnorrænu riti um norræna myndlist, og kom það út nokkrum sinnum á ári og var sambland af innihaldi Herópsins, SÍBS, berklasjúklinga og Einingar, hins ágæta rits Góðtemplara. Sem sagt: samnorræn blanda af bestu boð- unargerð. Því þessar þjóðir eru þjóðir boð- skaparins, alltaf að boða lausnir á öllu með einföldum ráðum, og er því þó nokkur ástæða fyrir því að þetta er sögð vera miðstöð norrænnar myndsköpunar. Hið mikla gildi stöðvarinnar liggur í augum uppi í skyggnu- kassa. Kynninguna setti saman helsti for- kólfur norrænnar myndlistar, Krúskopf, en hann stjórnar eða stjórnaði samnorrænu riti um norræna myndlist, og kom það út nokkrum sinnum á ári og var sambland af innihaldi Herópsins, SÍBS, berklasjúklinga og Einingar, hins ágæta rits Góðtemplara. Sem sagt: samnorræn blanda af bestu boð- unargerð. Því þessar þjóðir eru þjóðir boð- skaparins, alltaf að boða lausnir á öllu með einföldum ráðum, og er því þó nokkur ástæða fyrir því að þetta er sögð vera miðstöð norrænnar myndsköpunar. Hið mikla gildi stöðvarinnar liggur í augum uppi í skyggnu- kassa. Kynninguna setti saman helsti for- kólfur norrænnar myndlistar, Krúskopf, en hann stjórnar eða stjórnaði samnorrænu riti um norræna myndlist, og kom það út nokkrum sinnum á ári og var sambland af innihaldi Herópsins, SÍBS, berklasjúklinga og Einingar, hins ágæta rits Góðtemplara. Sem sagt: samnorræn blanda af bestu boð- unargerð. Því þessar þjóðir eru þjóðir boð- skaparins, alltaf að boða lausnir á öllu með einföldum ráðum, og er því þó nokkur ástæða fyrir því að þetta er sögð vera miðstöð norrænnar myndsköpunar.

Mikið krúka hefur verið í höfðinu á Krúskopf þegar hann samdi „sögulegt yfirlit á skyggnum“ í fúkkakassann sinn. Í men- ingarmiðstöðinni er hægt að verða ljúft vitni að hjóli sem liggur uppi við skúr, sjá Helsinkí í fjarlægð, sjó renna milli tveggja blautra steina, þrisvar einhverjar hleðslur, krakka að klifra, mann að reyna að smíða fiðlu og svo nokkra legsteina. Auðvitað hlýtur þetta að laða listamenn að listamið- stöðinni, andlega lífið er svo gífurlega spennandi. Og þó gleymdi ég einni mynd: hægt var að sjá inni langan gang fullan af reiðhjólum. Listamenn hjóla upp frægðar- brautina í Sveaborg.

Úr þessari háborg er sýningin komin. Mér var sagt að flestir færu fyrst inn á hana til hægri. Hún er áhrifameiri þaðan að sjá. Við blasir mynd af þremur konuhöfðum, á háum stöngum, samt ekki niðurstöngum, og þau eru ættuð úr höfuðheiminum þremur:

menningarheiminum vestræna, reynslu- heimi kvenna og þriðjaheiminum. Höfuðin eru saumuð saman úr leðurþjótum og eiga kannski þjótunarnar að minna á handverk Ilse Koch forðum, en nafn myndarinnar er Karbætt hugsun kvenna. Þá komum við að annarri konumynd. Þar er konan að brjótast út um múr sem er gerður úr rauðum orða- leppum. Konan stefnir út í frelsið, afar fá- klædd, en í nógu samt. Og hvað gerist í frelsinu? Konan rýkur strax í örtölvuleikfang og reynir að höndla hamingjuna á skermi með því að þrýsta á tvo hnappa í stýriborðinu. Yfir þessari lausn er aumingja konan afskaplega jarðar- fararleg og fúkkuð í framan, þrátt fyrir val- kostina.

Næst komum við að vélum sem draga mynstur í sand með einföldum vélbúnaði. Slíkar vélar hafa verið í fjölmörg ár til sölu hjá leikfangasölum á götum stórborga er- lendis, en handknúnar með kúlupenna. Og þá er tennt hjól í miðjunni. Áhrifin verða sömu og véllistaverkinu er ætlað að ná, nema ef notaðir eru marglitir kúlupennar við handknúna leikfangið verður „verkið“ í lit. En þessi „myndaðferð“ er afar hvítleið, líkt og tölvulistin sem Ary Brizzi lagði stund á og ýmsir argentínskir listamenn fyrir nokkrum áratugum, þegar það „að mata bara tölvur“ átti að leysa heimsvandann og þá listina líka. Þá ber okkur inn í hinn fræga Vestursal Kjarvalsstaða. Hin glæsilegu og tæru teppi



eftir Guðberg Bergsson

Ásgerðar eru fyrir suðurveggnum og hylja allan fúa, en þegar lengra er komið inn í salinn blasir hann við í öllu sínu veldi. Vet- urnir í Noregi eru fúkkinn upp málaður á nokkrum myndum sem gætu verið afbökun á bókum Vesaas. Danirnir eru líka að afbaka þarna með fúkkalyfjum sínum bækur Dorrit Willumsen. Svíarnir eru auðvitað í sinni heimssýn: Allt er að farast og brenna í hin- um voðalega hildarleik sem mannkynið stendur frammi fyrir. Þess vegna verða þeir að boða nokkrar þokaprestalausnir á öllum listsviðum: og boða þá auðvitað eilífan eld og eyðileggingu gegn eyðileggingunni, en eyðilegging þeirra er „ádeila á eyðileggingu hinna vondu“.

Magnús Tómasson er þarna í fúkka- ástandi einhvers Náttúrugripasafns og hjá honum er hægt að sjá fúkkaða dauða fugla, eins og í kóssum á slíkum söfnum, nokkur fiðrildasöfn, uppstoppaða leðurblöku og nokkrar tjuldruslur úr gömlum fermingar- kjól, rós í músagildru. En það vantar alveg hjá honum krakka „í gamla daga“ sem eru að huga að frímerkjunum sínum í fúkkuðum kjallara á stríðsárunum. Gunnar Örn hefur líka krækt sér í fúkka þann sem spænskur málari, Hernandez, hefur stundað. Fólk hans er myglað og hálf úldið og lifir í fúkkuðum eins lags framtíðar- heimi, sambland af fiskum og nagdýrum. En heimssýn Gunnars er öllu þrengri: það hef- ur aðeins slegið í lærin á persónunum á myndunum hans. Fúkkinn gerir þau bara litrík. Og svo eru sænskir með skiði en jóla- sveininn vantar, þótt hann liggi milli fóta á palli, í líki álímingarmyndar fyrir börn. Allt er þetta vandlega ríkisstyrkt. Þessi risháa list er fyrir löngu komin inn á fjármál hinna framsæknu norrænu þjóða sem úða á sig efni gegn andlegum fúa með lífvænlegri list neðanjarðarhreyfinganna miklu sem voru víst farnar að fúkka strax í fæðingunni. Ekki ilmar allt af gróðri sem upp úr jörðinni kemur, þótt grasrótahreyfingar þokaprest- anna boði upp á ilm og angan.



Borealisýningin á Kjarvalsstöðum – áhrifameiri ef menn fara fyrst inn á hana frá hægri.